

færðir um, að enginn ófriður muni brjótast út milli okkar, setjumst við við bordið. Fyrsta hálftímann talar hann í jöfnum, skrækum róm, án tilbreytinga og hljóðfalla, og ég á erfitt með að þekkja astur í honum mentaðan mann. Talfæri hans hafa í átta mánuði lagad sig eftir talfærum hafnsögumannanna og sjómannanna; heili hans hefir þvingað sig til að vera skilinn af einfaldari hugsunarvélum; orðasorði hans hefir tapað millilitunum, tengihugtökunum, en fengið í staðinn him hverndagslegri, og stundum óvönduð orð.

Hann er tortrygginn, eins og þeir sem einir eru, og leitar oft eftir, hvort ég u.eini það sem ég segi. Því ég stjórnast gagnvart honum af ósjálfráðri samhygð, ég tala um þá hluti, sem hann vill tala um, án þess að segja nokkuð frá eigin brjósti, ég vind upp hið útgengna gangverk huga hans; og smáum saman heyri ég gang þess, sem ég kannast við frá syrri tið.

Hann vill gjarnan hlusta á einhverjar fréttir hjá mér, en nautuin að mega tala sjálfur, fær algert vald yfir honum, þörfin að sýna sig öðrum jafn færar nær haldi á honum, og hann byrjar að ræða erfidustu efni.

Eftir nokkra stund er rómur hans orðinn dálitið dinsmari, en um leið mykri; hann er hættur að leita með eins mikilli áreynslu eftir orðum, andlit hans, sem nýlega var dauflegt og folt, eins og visið lauf, verður fjörlegra, og það er eins og hann verði drukkinn af að tala.

Við tölum um Kirkegaard, þjáninganna skáld, hann er fullur af angist yfir þjáningum sínum, sem hann, án þess að gera játningu sína, verður að láta koma í ljós.

En við hölum lesið Kirkegaard hvor á sinn hátt, ég sem sálarfræðingur og hann sem kristinn kyrkjumaður. Annaðhvort skilur hann niig ekki ellegar hlustar ekki á mig, honum er nóg að það sem hann segir vekur bergmál í mér og hann verður mælskur; hann talar og talar, svo mér finst illa gert, að grípa fram í fyrir ánaegðum manni; en hann vill hallast á sveif kristindómsins og ég streitist á móti. Hann heldur áfram og ég læt það gott heita.

Það líður góð stund og hann ser með mig eins og lærimeist-